

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

sent á nefndasvid@althingi.is

Skaftárhreppi, 1. febrúar 2021

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð; þingskjal 461 — 369. mál

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi fagna fram komnu frumvarpi um Hálandisþjóðgarð og þakka þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í framgöngu málsins. Samtökin styðja eindregið stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands og telja þá leið rétta og eðlilega til að standa til framtíðar vörð um þau miklu auðæfi sem við Íslendingar berum svo ríka ábyrgð á.

Engum blöðum er um það að fletta að styr hefur staðið um málið, enda snertir það mörg okkar persónulega vegna þeirra sterku hughrifa sem við höfum orðið fyrir á öræfunum. Eldvötn telja áriðandi að horfast í augu við þá hættu sem um rúmlega hálftrar aldar skeið hefur steðjað að svæðinu sökum stórtækra inngrípa mannsins, en á þeim tíma, sem einungis er lítið augnablik í jarðsögulegu samhengi, hafa mörg óbætanleg skörðin verið hoggin í viðernin. Áriðandi er að slíku framferði linni og að þau sem eftir standa hljóti viðhlítandi vernd til framtíðar.

Eldvötn vekja sérstaka athygli á hinni góðu reynslu af Vatnajökulsþjóðgarði sem einhugur er um meðal íbúa í okkar sveit, Skaftárhreppi. Efasemdaraddir voru vissulega uppi í héraðinu fyrir stofnun hans, en reynslan er sú að þjóðgarðurinn hefur verið sterkt afl í atvinnuuppbyggingu svæðisins.

Nokkur atriði frumvarpsins telur stjórn Eldvatna áriðandi að taka til endurskoðunar, eigi Hálandisþjóðgarður að veita þá vernd og skila þeim árangri sem lagt hefur verið upp með. Verður hér stiklað á þeim helstu, að mati samtakanna.

Réttaráhrif stjórnunar- og verndaráætlunar

Að mati Eldvatna er afar áriðandi að stjórnunar- og verndaráætlun (s&v) Hálandisþjóðgarðs sé bindandi fyrir skipulagsáætlanir sveitarfélaganna, sbr. lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007. Ekki blasir við hvað skyldi mæla gegn því fyrirkomulagi, en svo er að sjá að reynt hafi verið að girða fyrir helstu mögulega árekstra með sérákvæðum í lagafrumvarpinu, t.a.m. hvað byggingar innan þjóðgarðsmarka varðar – en samtökin telja þau þó ekki nægjanleg. Fleira getur komið til álita, t.a.m. stefna sveitarfélags um fjöldaferðamennsku, svo að dæmi sé tekið.

Ekki verður við þennan þátt skilið án þess að benda á að verði frumvarpið samþykkt í núverandi mynd hvað umræddan þátt varðar, þá myndi það veikja stöðu s&v á því svæði sem í dag tilheyrir Vatnajökulsþjóðgarði.

Gegnumgangandi virðist vera gert ráð fyrir því í frumvarpinu að s&v sé ríkjandi, og ekkert því til fyrirstöðu að skera með afgerandi hætti úr um það, þannig að yfir allan vafa verði hafið hvor áætlunin sé rétthærri ef til álitamála kemur. Um stefnumarkandi áætlun er að ræða og að mati samtakanna óeðlilegt að hún skuli eiga að lúta aðalskipulagi einstakra sveitarfélaga. Að þessu sögðu skorar stjórn Eldvatna á þingmenn að breyta ákvæðinu til baka, til betri vegar.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Skipulagsábyrgð á miðhálandinu

Á þessum tímamótum telja Eldvötn rétt að skoða sögu skipulagsmála á hálandinu; það hvernig fasteignagjöld af byggingum, þá ekki síst stöðvarhúsum vatnsaflsvirkjana, hafa orðið gróðalind fyrir sveitarfélögin í landinu, sem látin eru bera skipulagsábyrgð á stóru landflæmi sem úrskurðað hefur verið um að sé í sameign íslensku þjóðarinnar, s.s. þjóðlendur. Þetta fyrirkomulag hefur verið hvati fyrir sveitarstjórnir til að fórna verðmætu landinu og skerða um leið viðernin, í skiptum fyrir rekstrarfé.

Þessi mál telja Eldvötn áriðandi að endurskoða í heild sinni, og horfa m.a. til þess hvort réttmætt sé til að fámenn sveitarfélög hafi svo sterk völd langt frá byggð, á þjóðlendum.

Aðliggjandi þjóðlendur/ríkisjarðir

Stjórn Eldvatna beinir því til þingmanna að gera þær breytingar á frumvarpinu að þjóðlendur og aðrar ríkisjarðir sem liggja að hálandismörkum verði hluti þjóðgarðsins og myndi þannig sterkari heild. Á þetta hafa samtökin áður bent, þá með sérstaka áherslu á hluta Álftaversafréttar, austan Mýrdalsjökuls. Það landsvæði, sem myndar órofa heild með því sem fellur innan hálandismarkanna, stendur utan við af þeirri ástæðu einni að viðkomandi þjóðlenduúrskurður féll eftir að hálandislínan var dregin við gerð svæðisskipulags miðhálandisins skömmu fyrir liðin aldamót. Eldvötn skora á þingmenn að leiðrétta þessa skekkju samhliða stofnun Hálandisþjóðgarðs.

Orkunýting

Stjórn Eldvatna tekur undir fram komnar athugasemdir Landverndar hvað 23. grein frumvarpsins, um orkunýtingu varðar;

Stjórn Landverndar tekur undir tillögu um að þau svæði á hálandinu þar sem eru virkjanir í rekstri verði skilgreind sem jaðarsvæði Hálandisþjóðgarðs og lúti ákvæðum í stjórnunar- og verndunaráætlunum. Hins vegar telur stjórnin að alls ekki megi heimila frekari virkjanir á Hálandinu nema mjög brýna nauðsyn beri til vegna raunverulegs skorts á orku í landinu og ekki séu aðrar leiðir færar til að afla nauðsynlegrar orku. Þá telur Landvernd einnig að mörk sem dregin hafa verið upp sem jaðarsvæði um virkjanir séu of rúm. Til dæmis telur stjórnin að þar sem þjórsá rennur um þjóðlendur og þar sem ekki eru uppistöðulón eða virkjanamannvirki eigi áin og næsta umhverfi hennar að vera hluti þjóðgarðsins.

Stjórn Landverndar leggur því til að 3., 4., 7. og 8. mgr. 23. gr. verði teknar út úr frumvarpinu þannig að hún orðist svo (feitletraðar eru breytingatillögur Landverndar):

„Skilgreina skal í reglugerð sem ráðherra setur jaðarsvæði Hálandisþjóðgarðs vegna orkunýtingar innan þeirra marka sem tilgreind eru í 1. másl. 2. gr. Jaðarsvæði teljast ekki hluti hins friðlýsta svæðis og falla utan skilgreindra verndarflokka en setja má ákvæði í reglugerð og stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins sem ná til jaðarsvæða vegna nálægðar við þjóðgarðinn.

Á jaðarsvæðum Hálandisþjóðgarðs er heimilt að starfrækja þær virkjanir og háspennulínur sem eru í rekstri við stofnun hans og gera minniháttar breytingar á þeim, t.d. með breytingu og endurnýjun á búnaði og mannvirkjum, vegna viðhalds og/eða til að auka afköst þeirra og bæta skilvirkni. Þessar breytingar mega ekki valda skaða á náttúru- og menningarminjum þjóðgarðsins.

Heimilt er að starfrækja virkjanir innan marka Hálandisþjóðgarðs til sjálfsþurftar fyrir starfsemi í þjóðgarðinum enda samræmist þær verndarmarkmiðum þjóðgarðsins.

Ekki er heimilt að starfrækja virkjanir innan marka Hálandisþjóðgarðs eða setja upp nýjar á jaðarsvæðum hans. Jafnframt eru nýjar háspennulínur í lofti ekki leyfðar innan Hálandisþjóðgarðs.“

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Stýring ferðamanna

Eldvötn taka einnig undir það sjónarmið Landverndar í fram kominni umsögn þeirra, að ákvæði náttúruverndarlaga um almannarétt verði ríkjandi í þjóðgarðinum. Eldvötn telja einnig rétt að helstu ákvæði um umgengni og viðurlög við mögulegum brotum verði á einum stað, í náttúruverndarlögum, þannig að regluverk allt verði sem aðuskiljanlegast.

Í umræðu um Hálandisþjóðgarð hefur verið tíðræddur sá möguleiki sem hann getur gefið á aukinni ferðamennsku á hálandinu. Eldvötn telja að afar varlega skuli farið í þeim efnum og ekki hyggilegt að greiða aðgengi að hálandinu um of, þ.e. verðmæti þess liggja skv. rannsóknnum ekki síst í víðernum og öræfaupplifun í fámenni. Samtökin leggja áherslu á að stýringu ferðamennsku innan þjóðgarðsins þarf að vanda og standa vörð um víðernin, öræfaupplifunina, fámennið og hráleikann. Umgengnin verði í sátt, með almannaréttinn sem grunnstef.

Að lokum

Eldvötn telja stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands vera góða leið til ábyrgrar náttúruverndar og mikið og kærkomið framfaraskref. Samtökin leggja áherslu á að standa þarf vörð um öræfin sem eina heild, og löngu tímabært að sá hluti hálandisins sem staðið hefur utan friðlýstra svæða fái þá lögformlegu stöðu, utanumhald og stýringu sem vera ber.

Hafa þarf hugfast að lagasetning er einungis ein varða á langri leið; að þjóðgarður er þess eðlis að vera í sífelldri mótun. Þá hvetja Eldvötn til þess að þeim þáttum frumvarpsins sem til bóta eru umfram núverandi fyrirkomulag á hálandinu verði hampað í umræðunni – og sameinast um að slípa til vankanta, þannig að hið mikla og þarfa verkefni hljóti brautargengi á Alþingi.

F.h. Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi



Ingibjörg Eiríksdóttir
formaður